

Mannvit hf.
Urðarhvarfi 6
203 Kópavogur



AFRIT

Patreksfirði 18. maí 2015
UST201505-027/H.Á.
09.07.01

Efni: Umsókn um leyfi - Rafstrengur við Dynjanda

Umhverfisstofnun hefur mótttekið erindi Mannvits dags. 4. maí. 2015, þar sem óskað er eftir leyfi fyrir hönd Orkubús Vestfjarða ohf. og Neyðarlínunnar ohf. til lagningar rafstrengs um land náttúruvættisins Dynjanda. Áformað er að leggja strenginn landleiðina og að hluta í fjöru frá Snjalleyri að Laugabóli. Rafstrengurinn verðu hluti af dreifikerfi Orkubús Vestfjarða og mun koma í stað sæstrengs yfir innfjörð Arnarfjarðar.

Dynjandi er friðlýst náttúruvætti sbr. auglýsingu nr. 348/1986 í Stjórnartíðindum B.

Lýsing framkvæmdar:

Tilgangur framkvæmdar er að útvega rafmagn að fjarskiptastöð á Langanesi. Fyrirhugaður rafstrengur mun liggja frá Snjalleyri að fjarskiptastöðinni sem er á Laugabóli. Fjarskiptastaðurinn er nú aflfæddur með olíuknúnni rafstöð. Rafstrengurinn er um 11 kV og 30 mm að þvermáli. Samkvæmt meðfylgjandi gögnum frá Mannvit (afstöðumynd) mun strengurinn liggja frá Meðalnesi með þjóðveginum og niður í fjöru um gamlan slóða og í fjörunni neðan við fossinn Dynjanda og aftur með vegi út að Deilinesi. Gert er ráð fyrir tengimöguleika við rafstrenginn við Dynjanda fyrir aðstöðuna sem þar er. Í greinargerð segir að strengurinn verður plægður niður á um 1 m dýpi og að jarðrask verði óverulegt og muni hverfa á stuttum tíma. Samkvæmt upplýsingum frá starfsmanni Mannvits á fundi með Umhverfisstofnun 12. maí sl. verður rafstengur lagður efir gömlum slóða þar sem hann beygir frá þjóðvegi og niður í fjöru. Einnig upplýst fulltrúi Mannvits á fundinum að framkvæmdartíminn verði innan við viku og stefnt sé að framkvæmdir byrji í síðustu viku maí mánaðar og ljúki fyrir 1. júní nk.

Áhrifamat:

Mannvirkjagerð, efnistaka og annað jarðrask innan náttúruvættisins Dynjanda er háð leyfi. Mannvirkjagerð, efnistaka og annað jarðrask innan náttúruvættisins Dynjanda er háð leyfi. Umhverfisstofnunar sbr. reglum sem um svæðið gilda í auglýsingu um náttúruvættið í Stjórnartíðindum B nr. 348/1986.

Að mati Umhverfisstofnunar er framkvæmdin sem lýst er hér að ofan ekki líkleg til að skerða verndargildi náttúruvættisins og valda óafturkræfum breytingum á svæðinu. Stofnunin bendir þó á að í Dynjandisvogi er mikil fuglalíf og tegundir fugla á válista sem m.a. verpa við voginn. Framkvæmdaraðili skal því lámarka röskun á fuglalífi eins og kostur er á meðan á framkvæmdum stendur. Einnig er talsvert af friðlýstum fornminjum á svæðinu sem framkvæmdaraðila bera að taka tillit til.

Skilyrði


Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyfi fyrir framkvæmdum við rafstreng frá Meðalnesi að Deilinesi að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Að truflun á fuglalífi verði lámarkað eins og kostur er á meðan á framkvæmdum stendur.
- Að öllu raski við framkvæmdirnar verði haldið í algeru lámarki.
- Að vandað verði við frágang eftir að verki lýkur.
- Tilkynna skal Umhverfisstofnun þegar framkvæmdir hefjast.
- Tilkynna skal Umhverfisstofnun um frávik á ofangreindri verklýsingu.
- Tilkynna skal til Umhverfisstofnunar þegar verki er lokið.
- Að samráð verði haft við Umhverfisstofnun um staðsetningu tengivirkis við rafstreng fyrir aðstöðuna á Dynjanda.

Eftirlit

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun. Innheimt verður fyrir eftirlitið samkvæmt gjaldskrá stofnunarinnar nr. 128/2013, 11.200 kr./klst.

Virðingarfyllst



Sigrún Ágústsdóttir
sviðsstjóri



Hákon Ásgeirsson
sérfræðingur